

Bingó með talnarugli

sjá myndir á næstu blaðsíðu

Efni:

- Bingóspjöld. Ég gerði hér fimm spjöld og hvert spjald innihélt sex ramma sem voru 5x4. Þetta passaði á A4 stærð af blaði. Stóru rammarnir eru ca. 7x9 cm. hver. Ég hafði rammanna utan um mismunandi á litinn.
- Laus spjöld til að draga. Ég gerði hér ca. 7x9 cm. stór spjöld og inn í þau skrifaði ég 11, 111, 1111 og svo eins með 2,3,4,5,6,7,8,9,0
- Plöstunarfél og plast í hana
- Skæri
- Poki fyrir lausu spjöldin
- Eitthvað til að geyma spjöldin í

Aðferð:

- Gera bingóspjöldin í tölvunni og setja tölustafi inn í alla litlu rammanna. Passa bara að ekki séu tveir eða þrír af þeim sama nema það sem á að finna. Dreifa talnaruglinu jafnt yfir öll spjöldin t.d. á einu spjaldi á að finna 11, 44, 666, 888, 2222, 0000. Ég skrifaði allar útfærslurnar á blað og merkti svo við þegar ég setti á bingóspjöldin til að ég gerði örugglega ekki mistök
- Gera lausu spjöldin með öllu sem á að finna
- Prenta út, setja í plast og í gegnum plöstunarfélin


Leikurinn:

- Spilað eins og venjulegt bingó. Lausu spjöldin eru sett í poka og bingóstjórinn dregur eitt spjald í einu og les upp hvað á að finna t.d. 555. Sá sem finnur 555 hjá sér fær lausa spjaldið og setur það ofan á rammann þar sem 555 var. Sá vinnur sem fyrst fyllir sitt spjald.

Ath:

- Uppskriftin hér að ofan miðast við elstu börn leikskólans og yngri börn grunnskólans en á næstu blaðsíðu má einnig sjá myndir af einfaldari útfærslu sem hentar fyrir þriggja til fjögurra ára gömul börn.

Fyrir þau eldri



Fyrir þau yngri

